

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á viðauka 1 við reglugerðina:

Í hluta 2, **Steinefni**, kemur í stað færslunnar „Kopar ( $\mu\text{g}$ )“ eftirfarandi:  
Kopar (mg).

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2 við reglugerðina:

1. Í hluta A. **Vítamín**, undir fyrirsögninni 7. NÍASÍN, er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir „ínósítólhexaníkótínat (ínósítólhexaníasínat)“:  
níkótínamíðríbósíðklóríð.
2. Í hluta B. **Steinefni**, er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni „magnésíumklóríð“:  
magnésíumsítratmalat.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/418 frá 9. mars 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar níkótínamíðríbósíðklóríð og magnésíumsítratmalat sem eru notuð við framleiðslu á fæðubótarefnum og að því er varðar mælieiningar sem eru notaðar fyrir kopar.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. nóvember 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Iðunn Guðjónsdóttir.*